

kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 2000 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

III. KAFLI

OPNUNARGJALD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduroppnun.

IV. KAFLI

VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrunni, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé reikningsgrunnurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí. Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 161 29. mars 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 11. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Við Álfrólsvog frá Túnbrekku að Skálaheiði eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
2. Bílastöður við húsagötu Álfrólsvogar milli Túnbrekku og Skálaheiðar eru bannaðar að sunnanverðu.
3. Við Kársnesbraut austan við Norðurvör eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
4. Við Borgarholtsbraut vestan Urðarbrautar eru bílastöður bannaðar sunnan götunnar.
5. Við Urðarbraut norðan Borgarholtsbrautar eru bílastöður bannaðar að austanverðu við götuna.
6. Við Hamraborg frá brú yfir Hafnarfjarðarveg að Vallartröð eru bifreiðastöður leyfðar á afmörkuðum bílastæðum meðfram götunni (áður bannaðar).
7. Við Digranesveg frá Neðstutröð að Vallartröð eru bifreiðastöður bannaðar við norðurkant götu.
8. Á húsagötu Álfrólsvogar milli Túnbrekku og Skálaheiðar verði einstefnuakstur í vesturátt.
9. Á bílastæðum við Hamraborg 2—26, sé einstefna út frá stæðunum að Vallartröð, hámarkshraði á bílastæðum þessum sé 20 km. á klst.
10. Á bílastæðum við Hamraborg 7—11, skal vera einstefna inn á stæðin að vestan og ekið sé út að austan.
11. Að á bílastæðum við Hamraborg 1—5, skal innakstur frá Skeljarekku vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. janúar 1978.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykholtshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykholtshrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskyldum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.